

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Fellabæjar 1981-2001.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Fellahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 8. desember 1993 staðfest breytingu á aðalskipulagi Fellabæjar 1981 - 2001 frá 5. febrúar 1982, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að íbúðarsvæði vestan Upphéraðsvegar er stækkað til suðurs og opið svæði minnkað sem því nemur.

Hreppsnefnd Fellahrepps tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 10. janúar 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990-2010.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 7. janúar 1994 staðfest breytingar á aðalskipulagi Akureyrar 1990-2010, sem staðfest var 30. nóvember 1990.

Breytingar eru eftirfarandi:

1. Hluti af óbyggðu svæði, útivistarsvæði, norðan Kjarnaskógar er breytt í orlofshúsa-byggð.
2. Tengibraut, sem gert er ráð fyrir suður með framtíðarbyggð í Naustahverfi, er færð til austurs og tengd Eyjafjarðarbraut í stað þess að hún endi í útivistarsvæðinu í Kjarnaskógi.
3. Breytingar eru gerðar á mörkum framtíðarbyggingarsvæðis fyrir íbúðabyggð í samræmi við ofantalin atriði.

Breyting þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr.19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt hana til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 10. janúar 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.